

**Ársfundur Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna. Haldinn  
föstudaginn 20. maí 2020 kl.13:00 í húsakynnum FÍA Hlíðarsmára 8**



Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Rafn Jónsson yrði kosinn fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir frá Mörkuðum Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmætur og gengið var til dagskrár.

## **1. Skýrsla stjórnar**

### **Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA:**

Kæru félagar

Á ársfundi fyrir ári síðan notaðist ég við orðtiltækið “fljótt skipast veður í lofti” sem einnig hefur verið raunin á árinu 2021 og inná árið 2022.

Á árinu 2021 fjölgaði sjóðfélögum hratt, iðgjöld héldu áfram að aukast og ávöxtun sjóðsins á árinu var gríðarlega góð.

Raunávöxtun var 11,28% sem er eitt besta ár í sögu sjóðsins og er raunávöxtun síðastliðin 5 ár rúmlega 7% en rúmlega 6% ef litið er til síðastliðinna 10 ára sem er vel yfir þeirri 3,5% ávöxtunarkröfu sem skuldbindingar sjóðsins eru metnar með.

Þessi árangur sjóðsins er mjög eftirtektarverður sérstaklega í ljósi mikillar óvissu í upphafi árs og því lágvaxtaumhverfi sem sjóðurinn bjó við.

En fljótt skipast veður í lofti og þau hernaðaráttök sem hófust í febrúar hafa haft gríðarleg áhrif á markaði og fer ávöxtun sjóðsins í upphafi árs 2022 ekki vel af stað, en betur verður farið yfir það hér á eftir.

Ég hef fjallað um það með ítrekuðum hætti á undanförunum ársfundum þau ánægjulegu tíðindi að Íslendingar séu alltaf að lifa lengur og voru nýjar lífslíkutöflur nú loks staðfestar af Fjármálaráðuneytinu

1

og okkur skylt að taka þær upp. Því miður hafa þessar jákvæðu fréttir áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins, með þeim hætti að réttindi hvers og eins þarf að dreifa yfir lengra tímabil en áður.

Þetta hefur þau áhrif að mánaðarlegar greiðslur þurfa að lækka lítillega en þó misjafnlega mikið eftir aldri sjóðfélaga því samkvæmt þessum nýju lífslíkutöflum mun unga fólkið lifa lengur en þau okkar sem eldri eru. Við munum fara betur yfir þess mál þegar við kynnum breytingar á samþykktum sjóðsins hér á eftir.

Fátt er svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott því það gleður mig að segja frá því að sú góða ávöxtun undanfarin ár hefur haft gríðarlega jákvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins og munum við kynna hér á eftir mikla aukningu réttinda sem á sér mögulega ekki hliðstæðu og er það í annað skipti sem réttindi eru aukin frá bankahruninu 2008 þar sem miklar skerðingar áttu sér stað sem við öll þekkjum.

Nú eru liðin rúmlega 50 ár frá því að skylduáðild að lífeyrissjóðum var samþykkt í kjarasamningum en flugmenn byrjuðu að greiða í lífeyrissjóð 16 árum fyrr sem ég hef áður komið inná á ársfundi sjóðsins.


Miklar breytingar og samþættingar hafa átt sér stað hjá lífeyrissjóðum sem oftast nær fá því miður neikvæða umfjöllun í fjölmiðlum og líka hjá almenningi sem eru jú eigendur sjóðanna.

Það er því gríðarlega ánægjulegt að geta greint frá því að í lok árs 2021 var gefin út skýrsla um frammistöðu lífeyrissjóða í 43 löndum, útgefin af Mercer, virtu erlendu ráðgjafafyrirtæki.

Í stuttu máli var Ísland í efsta sæti og voru helstu styrkleikar íslenska kerfisins metnir góðir stjórnarhættir og sterkt regluverk sjóðanna. Við getum verið gríðarlega stolt af þessari niðurstöðu en þó megum við ekki slá neitt af og halda áfram að bæta lífeyriskerfið okkar.

Ég hef einnig rætt það áður á ársfundi sjóðsins hversu stórt lífeyriskerfi landsmanna er orðið í samanburði við landsframleiðslu Íslands og því þurfa lífeyrissjóðir auknar heimildir til að sækja meira í erlendar eignir. Hingað til hefur lífeyrissjóðum verið heimilt að fjárfesta að hámarki 50% af heildareignum sínum erlendis.

Ég hef kallað eftir því að það þurfi að hækka þessa heimild og fyrir stuttu voru kynntar breytingar á þessum reglum og ég vona að stærri skref verði stigin í framhaldinu í þessa átt. Staða þjóðarbúsins gefur allavega tilefni til þess þar sem krónan heldur áfram að styrkjast með aukinni komu ferðamanna til landsins, ásamt fleiri þáttum.

16 

Stjórn hefur haft þá stefnu að auka jafnt og þétt við erlendar eignir sjóðsins og er markmið að koma erlendum eignum í rétt um 37% af heildareignum fyrir lok árs 2022.

Stjórn EFÍA hefur verið virk í að nýta atkvæði sín eða gera athugasemdir við tillögur skráðra félaga á markaði. Þar hefur stjórnin til dæmis óskað eftir fundum eða sent stjórnnum skráðra félaga athugasemdir. Mig langar að benda ykkur á að á heimasíðu sjóðsins er hægt að nálgast upplýsingar með hvaða hætti EFÍA hefur nýtt atkvæði sín á aðalfundum skráðra félaga.

Rekstri EFÍA hefur verið útvistað til eignastýringar fagjársfesta Arion banka frá árinu 2012. Margt hefur breyst frá þeim tíma í umhverfi lífeyrissjóða og sérstaklega hafa orðið töluverðar breytingar á eftirlits og regluverki í kringum lífeyrissjóði ásamt fleiri þáttum.

Á árinu 2021 hófst vinna við að endurskoða samning sjóðsins við Arion banka sökum þessa ásamt öðrum þáttum sem leiddi til þess að í upphafi árs 2022 var skrifað undir nýjan rekstrarsamning við Arion banka. Nýi samningurinn er ekki mikið breyttur frá fyrri samningi en þó ákveðnar áherslubreytingar og þóknun að einhverju leyti innheimt með öðrum hætti en áður.

Þegar sjóður eins og EFÍA útvistar öllum sínum rekstri til annars aðila skapast ýmsar hættur og mætti þar m.a. nefna orðspor og hagsmunaárekstrar. Stjórn er mjög meðvituð um slíka þætti og fjallar reglulega um þá og hefur sett sér verklagsreglur í ýmsum málum þar að lútandi og einnig hefur stjórn sjóðsins leitað til bankastjóra Arion banka þegar okkur hefur þótt tilefni til.

Í febrúar héldum við góðan fund með sjóðfélögum þar sem farið var yfir nýliðið ár, ávöxtun og árangur sjóðsins. Einnig bauð Arion banki sjóðfélögum EFÍA á markaðsdag í höfuðstöðvum bankans sem var afskaplega vel heppnaður og langar mig að þakka Arion banka fyrir þann viðburð.

Sem fyrr höfum við einnig reynt að vera sýnileg með pistlum í fréttabréfi FÍA, sent pósta beint á félagsmenn og svo hefur Snædís framkvæmdarstjóri birt greinar í fjölmiðlum.

Einnig höfum við verið virk að setja fréttir á heimasíðu sjóðsins og vil ég enn og aftur minna ykkar á að skrá ykkur í vöktun þannig að ykkur berist tölvupóstur þegar nýjar fréttir berast. Mig langar í raun að biðja ykkur að ganga enn lengra og nefna við félaga okkar þann möguleika að skrá sig í vöktun þannig að allir okkar sjóðfélagar fylgist vel með málefnum sjóðsins sem snerta okkur öll.

Stjórn EFÍA hefur lagt áherslu á að endurgera heimasíðu sjóðsins og gera sjóðfélögum kleift að nýta sér rafræna ferla en nú er hægt að sækja um lán með rafrænum hætti og heimasíða sjóðsins hefur verið endurgerð en markmiðið með nýjum vef var að koma betur til móts við þarfir sjóðfélaga og bjóða



uppá vef sem væri einfaldur og aðgengilegur, gagnvirkur og nútímalegur, fræðandi og myndrænn og svo notandavænn fyrir snjalltæki. Við höfum engu að síður ákveðið að bíða með að setja síðuna í loftið fram yfir stjórnarkjör sem hefst í dag og stendur í viku.

Að því loknu hvet ég ykkur öll til að kíkja á nýja heimasíðu sjóðsins.

Mig langar mig að þakka núverandi stjórnarmönnum fyrir mjög gott samstarf og sömuleiðis okkar samstarfsfólki hjá Arion banka og þar sér í lagi Snædís framkvæmdarstjóra sem hefur staðið sig mjög vel.

Á árinu 2021 lét Vigfús Ásgeirsson af störfum fyrir sjóðinn eftir gott og langvinnt samstarf og langar mig að þakka Vigfúsi sérstaklega fyrir hans góðu störf og okkar samstarf síðustu 12 ár. En samtals hefur hann unnið fyrir sjóðinn í 27 ár samtals.

Við starfi Vigfúsar tók Benedikt Jóhannesson og hefur samstarfið farið vel af stað og hlökkum við til að halda því góða starfi áfram.

Sem þakklætisvott þá langar mig að biðja Vigfús að koma upp og taka á móti smá gjöf frá okkur en gjöfin er eitthvað sem mér skilst að tengist áhugamálum hans.


**Vigfús Ásgeirsson** þakkaði kærlega fyrir sig og samstarfið síðustu 27 árin.

## 2. Ársreikningur kynntur

**Snædís Ögn Flosadóttir** framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign frá árinu 2020 yfir á 2021, hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 17,4 % á milli ára og var í lok árs 58,5 milljarðar. Snædís sýndi breytingu á hreinni eign frá árinu 2013 – 2021. Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2021. Hún fór yfir iðgjöld, lífeyri og rekstrarkostnað á árinu 2021. Iðgjöld lækka um 20% á milli ára en lækkun var viðbúin í ljósi ástandsins, greiddur ellilífeyrir hækkaði um 13,4% á milli ára. Snædís fór yfir sjóðstreymið, þróun á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Hrein eign til greiðslu lífeyris hækkaði um 17,4% á milli ára.

Snædís fór yfir helstu skýringar í ársreikningnum. *Skýringu nr. 3.1* sundur liðun á greiddum lífeyri, 12,2% hækkun á milli ára á greiddum lífeyri.

4 

Skýring nr. 5.1 skrifstofu og stjórnunarkostnaður hækkar í hlutfalli við hreina eign í lok árs um 0,15% á heildar liðnum skrifstofu og stjórnunarkostnaðar. Laun og launatengd gjöld lækka á milli ára.

Skýring nr. 8. Snædís vakti athygli sjóðfélaga á þeirri skýringu, þar væru raktar áhættur sem lífeyrissjóðurinn stendur frammi fyrir. Í skýringu 8.2 var útlistuð lífeyristryggingaáhætta og í skýringu 8.4 hlutabréfaáhættan. Snædís fór yfir helstu kennitölur í reikningnum, hrein raunávöxtun er tæp 11,3% og síðustu fimm ár var hún 7,1% og síðustu 10 ár 6,3%. Meðal fjöldi greiðandi sjóðfélaga var 610 og meðalfjöldi lífeyrisþega var 211. Farið var yfir hlutfallslega skiptingu lífeyris, ellilífeyrir var 78,6%, örorkulífeyrir var 7,3%, makalífeyrir var 13% og barnalífeyrir 1,1%.

Snædís sagði frá upplýsingargjöf til sjóðfélaga á árinu og hvatti til skráningar á heimasíðu sjóðsins á fréttaveitu EFÍA. Hún sagði frá nýrri heimasíðu sjóðsins, stjórn EFÍA lagði áherslu á að vefsvæði sjóðsins yrði uppfært á árinu. Mikil áhersla var lögð á myndræna framsetningu efnis og ýmsar lykiltölur úr rekstri sjóðsins dregnar fram og birtar á myndrænan máta sem ekki er að finna á eldra vefsvæði sjóðsins. Nýr vefur EFÍA verður með betri lánareiknivél, fréttaleit og einfalt aðgengi að greiðslumati, myntbreytu, gengisþróun gjaldmiðla, netspjalli og fundarbókunarkerfi. Snædís vakti athygli á að lánsúmsókn sjóðsins væri aðgengileg á HTML formi og því til viðbótar er verið að vinna í því að bjóða upp á rafrænar undirritanir á skuldabréf og með því leggja loka hnykk á lánaferli sem er að fullu rafrænt sjóðfélögum.


Snædís sagði frá því að eignasamsetning sjóðsins væri birt er með myndrænum hætti á vefnum og yrði brátt jafnframt hægt að sjá verðtryggingarhlutfall skuldabréfasafns ásamt hlutfalli sjóðfélagalána af heildareignum sjóðsins. Inná vefnum mætti jafnframt nálgast fjárfestingarstefnu, hluthafastefnu og stefnu um ábyrgar fjárfestingar sem og fræðandi upplýsingar um hvernig eignastýring Arion banka hefur innleitt verklag ábyrga fjárfestingar í starfshætti sína.

### 3. Fjárfestingarstefna

Hjörleifur Arnar Waagfjörð forstöðumaður Eignastýringar fagfjárfesta Arion banka fór yfir þróun markaða, ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2022. Raunávöxtun á markaðsvirði safnsins var 11,3% á árinu 2021. Hjörleifur fór yfir niðurbrot ávöxtunar, innlend hlutabréf gáfu mestan hluta ávöxtunar safnsins 8,4% sem og erlend hlutabréf 4,9%. Hjörleifur fór yfir ávöxtun eignaflokka sbr. viðmið, með og án sjóðfélagalána.

Hjörleifur fór yfir raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma lítið, frá 1997 – 2021, meðal raunávöxtunin á því tímabili var 3,9%. 15 ára ávöxtun á ári 3,1%.

5



Hjörleifur fór yfir ávöxtun EFÍA samanborið við aðra lífeyrissjóði, sýndi þróun á hlutfalli erlendra eigna sjóðsins, stjórnin hefur verið að auka vægi erlendra eigna í fjárfestingastefnu sjóðsins. Stefnan á árinu 2022 er með 37% erlendum eignum.

Hjörleifur fór yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Hjörleifur fór yfir helstu eignir ársins 2021 og ræddi innlendar sérhæfðar fjárfestingar, uppbyggingu og markmið að baki erlendum sérhæfðum fjárfestingum. Sýndi yfirlit yfir erlendar sérhæfðar fjárfestingar sem voru framtakssjóðir, fasteignasjóðir, sérhæfðir lánasjóðir og innviðasjóðir.

Að lokum fór Hjörleifur yfir þróun markaða það sem af er ári 2022 og ávöxtun eignasafns á sama tíma. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins vegna ársins 2022. Helstu breytingar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru að hlutfall erlendra fjárfestinga var aukið. Fjölbreytni erlends eignamengis breikkað, aukið vægi erlendra hlutabréfa og aukið vægi sérhæfðra erlendra fjárfestinga. Vægi innlendra skráðra hlutabréfa í heild er óbreytt. Innan skuldabréfasafns er sett aukin áhersla á skuldabréf sveitafélaga og ríkisskuldabréf. Vikmörk voru aðlöguð í samræmi við fyrrnefndar áherslubreytingar.

Hjörleifur sýndi samanburð á fjárfestingarstefnum samtryggingadeilda helstu lífeyrissjóða landsins í samanburði við stefnu sjóðsins.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

Engar athugasemdir voru gerðar.

Ársreikningur samþykktur samhljóða.

#### 4. Tryggingafræðileg úttekt

**Benedikt Jóhannesson** fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2021. Hann sagði að nú væri verið að breyta forsendum í matinu. Áður var miðað við að allir yrðu jafn gamlir. En reynslan hefur ekki verið þannig. Fólk er að lifa lengur og aukning í lífaldri er meiri því yngri sem fólk er. Benedikt sagði að í ár erum við að horfa fram á veginn. Sem dæmi þá mun árgangur sem fæddur er árið 2000 lifa lengur en sá sem er fæddur 1999 og koll af kalli. Þessar breytingar hafa áhrif á alla lífeyrissjóðina í landinu þar sem gera þarf ráð fyrir fleiri lífeyrisárum hjá sjóðfélögum. Hjá EFÍA væru þó aðeins minna áhrif,

Handwritten signature and initials in the bottom right corner of the page.

flugmenn eru með 65 ára viðmiðunar aldur því væri um hlutfallslega minni breytingu hjá EFÍA en hjá öðrum lífeyrissjóðum í landinu.

Benedikt fór yfir helstu forsendur tryggingafræðilega matsins sem var árleg raunávöxtun 3,5%, nýjar lífslíkutöflur 2014 – 2018 með spá um lækkandi dánartíðni, 100% af íslenskum örorkulíkum hjá bæði körlum og konum sem byggja á árunum 2011 – 2016. Um væri að ræða staðlaðar forsendur að öllu leyti nema raunverleg hjúskaparstaða notuð hjá lífeyrisþegum sjóðsins. Áunnin staða var 12,5% og framtíðarstaða sem var -10,8% sem mynda heildarstöðuna uppá 6,1%. Benedikt fór yfir tryggingafræðilegastöðu m.v. fyrri lífslíkutöflur. Þá hefði áfallin staða verið 21,4% og framtíðarstaðan -2,9% og heildarstaðan því verið 14,8%. Benedikt fór yfir yfirlit yfir fjölda, aldur og réttindi sjóðfélaga EFÍA. 1200 sjóðfélagar, meðal mánaðargreiðsla lífeyris væri 450 þúsund á mánuði og aldurinn væri 48,4 ára. Benedikt sýndi línurit af iðgjöldum eftir aldri sjóðfélaga. Fór yfir söguleg þróun á heildarstöðu sjóðsins frá 2007 til 2021.

Benedikt þakkaði stjórn samstarfið á starfsárinu og lofaði því að vera ekki í 27 ár tryggingastærðfræðingur sjóðsins.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

**Rafn fundarstjóri** benti á að það færi í taugarnar á honum að vera kallaður lífeyrisþegi, þ.e.a.s hann greiddi inn í sjóðinn og er að fá greitt út úr honum. Hann er ekki að þiggja neitt.

**Guðmundur Ólafsson**, sagði að nú væri skortur á flugmönnum. Ætti þeir ekki að vinna lengur ?

**Sturla Ómarsson**, stjórnarformaður svaraði að það var farið hafi verið úr 63 árum í 65 á sínum tíma vegna skorts á flugmönnum. En benti á að það hafi þó ekki nein áhrif á áunna stöðu sjóðsins.

**Guðmundur Ólafsson**, en hvað með minni skerðingu ? Sturla svaraði því til að ef skerðing á réttindum yrði gerð þá væri verið að tala um fortíðina, þ.e áunnin réttindi. En ef starfsaldur yrði breyttur, þá væri verið að tala um framtíðarréttindi.

## 5. Tillaga stjórnar til breytingar á samþykktum sjóðsins

Snædís fór yfir tillögur á samþykktabreytingum sjóðsins. Hún sagði að þeim mætti skipta upp í 2 flokka. Annarsvegar varðaði það stjórnarlaun, framkvæmd réttindaaukningar og réttindaskerðingar og nýja grein er skýrir breytingar á réttindatöflum til framtíðar. Og hinsvegar snýr breytingin að innleiðingu á

7  
b Am

nýjum reiknigrunni í kjölfar útgáfu á nýjum dánar og eftirlifendatöflum og tillögum til aukningar á réttindum í kjölfarið.

#### Tillaga 1, 2 og 3

- Stjórn leggi fram tillögu að stjórnarlaunum á ársfundi sjóðsins
- Réttindaaukning og réttindaskerðing sé framkvæmd, að tillögu stjórnar, hlutfallslega jafnt nema þegar tryggingafræðilegar forsendur rökstyðja annað
- Ný grein er skýrir breytingar á réttindatöflum til framtíðar


#### Tillaga 4

- Tillaga 4 er í þremur hlutum og snýr að breytingum vegna innleiðinga á nýjum reiknigrunni í kjölfar útgáfu á nýjum dánar og eftirlifendatöflum og tillögu til aukningu réttinda sjóðfélaga í kjölfarið.
- Tillagan er í þremur skrefum:
  - **Skref 1:**
    - Áfallnar skuldbindingar jafnaðar vegna nýrra forsenda. Áunnin réttindi lækkuð háð aldri, verðmæti réttinda það sama.
  - **Skref 2:**
    - Ný réttindatafla sem byggir á nýjum forsendum um væntan lífaldur
  - **Skref 3:**
    - Í kjölfarið er lagt til að góð staða sjóðsins verði nýtt til hækkunar á áunnum réttindum sjóðfélaga um 16%.

## **BREYTINGARTILLÖGUR STJÓRNAR Á SAMÞYKKTUM EFTIRLAUNASJÓÐS FÉLAGS ÍSLENSKRA ATVINNUFLUGMANNA LAGÐAR FRAM FYRIR ÁRSFUND SJÓÐSINS 20. MAÍ 2022 ÁSAMT SKÝRINGUM**

---

*Breytingar þær sem hér eru lagðar fram snúa að 5., 7. og 10. gr. samþykktu sjóðsins. Þá eru jafnframt lagðar til nýjar greinar í Viðauka II hvar tekið er á breytingum á réttindum sjóðfélaga.*

8  
6 



**Megininntak breytinganna er vegna innleiðingar á nýjum reiknigrunni í kjölfar útgáfu á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum.**

Fjármála- og efnahagsráðherra gaf út nýjar dánar- og eftirlifendatöflur, samkvæmt tillögu Félags Íslenskra tryggingastærðfræðinga, í desember síðastliðnum. Lífeyrissjóðum ber að fara eftir þessum töflum við mat á dánar- og lífslíkum þegar lífeyrisskuldbindingar eru reiknaðar. Þessar töflur fela í sér nýja aðferð við mat á dánar- og lífslíkum þar sem nú er gert ráð fyrir að hver árgangur karla og hver árgangur kvenna, hafi sínar eigin lífslíkur og því spáð að sú hækkun á lífaldri sem átt hefur sér stað í fortíðinni muni halda áfram inn í framtíðina. Þannig er gert ráð fyrir að yngri árgangar muni lifa lengur en þeir sem eldri eru. Ljóst er að hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur í för með sér að greiða þarf mánaðarlegan lífeyri í lengri tíma en áður var reiknað með.

Í tryggingafræðilegri úttekt í ársreikningi 2021 eru þessar nýju töflur lagðar til grundvallar og tryggingafræðileg heildarstaða sjóðsins samkvæmt þeim 6,1% í lok árs. Áfallin staða sjóðsins, sem horfir til iðgjalda sem þegar hafa borist og réttindi sem stafa af þeim, var hins vegar jákvæð um 12,5%. Þá var framtíðarstaða, sem horfir til iðgjalda sem berast í framtíðinni og réttinda sem stafa af þeim, neikvæð um 10,8%, sem þýðir að gildandi réttindatafla gefur fyrirheit um meiri réttindi en hægt er að standa við miðað við nýjar tryggingafræðilegar forsendur. Ef ekkert er að gert verður staða sjóðsins ósjálfbær. Hvað framtíðarstöðu varðar er yngri kynslóðum að óbreyttu gefin fyrirheit um of há vænt mánaðarleg lífeyrisréttindi miðað við nýjar forsendur um væntann lífaldur þeirra á kostnað eldri kynslóða. eru af þessum sökum lagðar til við ársfund mótvægisáðgerðir sem ætlað er að taka á þessari stöðu.

Mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til eru eftirfarandi:

1. Viðmiðunaraldur ellilífeyris helst óbreyttur en áfallnar skuldbindingar sjóðsins eru jafnaðar vegna nýrra forsendna. Gert er ráð fyrir því að áunnin réttindi verði lækkuð háð aldri svo áfallnar skuldbindingar haldist óbreyttar við innleiðingu á nýjum dánar- og eftirlifendatöflum. Væntar mánaðarlegar lífeyrisgreiðslur lækka mismunandi eftir árgöngum vegna mismunandi væntinga um lífaldur þeirra. Þannig verður breytingin mest hjá yngstu árgöngunum sem gert er ráð fyrir að lifi lengur en þær kynslóðir sem eldri eru.
2. Lögð er til ný réttindatafla sem byggir á nýjum forsendum um væntan lífaldur sjóðfélaga.
3. Jafnframt er lagt til að nýta góða áunnina stöðu sjóðsins til hækkunar á réttindum sjóðfélaga um 16% sem aftur leiðir til þeirrar lokaniðurstöðu að áunnin réttindi allra sjóðfélaga hækka.

Áhrif lækkunar annars vegar og hækkunar hins vegar á hvern árgang má sjá í breytingartillögum og rökstuðningi sem fylgir hér í kjölfarið. Áhrif af hverju skrefi mótvægisáðgerða á sjóðinn í heild sinni verða sem hér segir:

	Áfallin staða	Framtíðarstaða	Heildarstaða
Úttekt 31.12.2021	12,5%	-10,8%	6,1%
Staða eftir jöfnun áunninna réttinda (skref 1)	20,6%	-11%	11,5%
Með nýrri réttindatöflu (skref 2)	20,5%	-0,7%	14,9%

Eftir hækkun réttinda um 17% (skref 3)

4,2%

-0,2%

3,1%

Heildarstaða sjóðsins verður þannig jákvæð um 3,1% eftir innleiðingu mótvægisáðgerða, áfallin staða jákvæð um 4,2% og framtíðarstaða neikvæð um 0,2%.

Þá liggja jafnframt fyrir tillögur til samþykktabreytinga sem ekki eru tilkomnar vegna upptöku dánar- og eftirlifendataflna. Gert er grein fyrir öllum tillögum til samþykktabreytinga í númeraröð hér á eftir.

Viðbótartillögur við samþykktirnar eru auðkenndar með rauðu letri og undirstrikun og sá texti sem lagt er til að verði eytt, er auðkenndur með ~~rauðu letri og yfirstrikun~~.

## 1. Tillögur til breytinga á 5. gr. (Laun stjórnar samþykkt af ársfundi)

### 5. gr.

#### Ársfundur

5.3. Á ársfundi skal gerð grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningum, tryggingafræðilegum úttektum, fjárfestingarstefnu, tillögum sjóðstjórnar á endurskoðanda og breytinga á samþykktum sjóðsins. Á fundinum skal stjórn jafnframt leggja fram tillögu um stjórnarlaun tilkynnt um stjórnarlaun. Kynna skal stjórnarkjör sem fram fer skv. gr. 4.2 ~~kynnt~~–og greint frá tilnefningu aðalmanna og varamanna atvinnurekanda í samræmi við 4. gr. Tillögur til ályktunar um önnur mál, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Ársfundur kys sér fundarstjóra.

#### Rökstuðningur:

Með breytingunni á gr. 5.3 er lagt til að stjórn leggi fram tillögu um stjórnarlaun til samþykktar á ársfundi. Fram að þessu hafa stjórnarlaun EFÍA fylgt launum stjórnar FÍA sem hlutfall þar af og fyrir vikið einungis verið kynnt á ársfundi. Nú er lögð til sú breyting að stjórnarlaun fylgi ekki lengur launum stjórnar FÍA heldur sé tillaga að stjórnarlaunum lögð fram af stjórn EFÍA og borin upp til samþykktar á ársfundi.

## 2. Tillögur til breytinga á 7. gr. (réttindaaukning og réttindaskerðing)

### 7. gr.

#### Tryggingafræðileg athugun

7.3. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að eignir sjóðsins eru meira en 10% umfram lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um hækkun lífeyrisréttinda. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera

tillögu til ársfundar um að auka áunnin lífeyris réttindi sjóðfélaga. Aukningin skal gerð þannig að áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, eru aukin hlutfallslega jafn mikið, nema þegar tryggingafræðilegar forsendur rökstyðja annað. Staða sjóðsins, það er mismunur eigna og skuldbindinga samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, skal þó ætíð vera jákvæð eftir aukningu réttinda, bæði þegar lítið er til áunninna réttinda og heildarréttinda.

- 7.4. Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós, að eignir sjóðsins eru meira en 10% lægri en lífeyrisskuldbindingar hans, miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, skal stjórn sjóðsins, að höfðu samráði við tryggingafræðing, gera tillögur til ársfundar um lækkun lífeyrisréttinda, enda finnst ekki aðrar leiðir til að bæta fjárhag sjóðsins. Sama gildir ef þessi munur hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár. Stjórn sjóðsins er einnig heimilt, að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins og miðað við viðurkenndar tryggingafræðilegar forsendur og að teknu tilliti til eðlilegra varúðarsjónarmiða, að gera tillögu til ársfundar um að lækka áunnin lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Lækkunin skal gerð með því að skerða áunnin réttindi allra sjóðfélaga, eins og þau eru reiknuð skv. 11.–14. gr. þessara samþykktu, hlutfallslega jafnmikið, nema þegar tryggingafræðilegar forsendur rökstyðja annað.

Rökstuðningur:

*Breytingartillagan á gr. 7.3 og 7.4. felur í sér að bætt er við greinarnar báðar ákvæði um að aukning eða lækkun geti verið gerð, að tillögu stjórnar, án þess að ganga hlutfallslega jafnt yfir alla en eingöngu þegar tryggingafræðilegar forsendur kalla á slíkt. Er það gert sökum þess að tryggingafræðilegar forsendur geta réttlætt það að aukning eða lækkun sé ekki hlutfallslega jafn mikil, eins og á í hlut nú þegar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur gera ráð fyrir mismunandi væntum lífaldri eftir fæðingarári. Þetta lá ekki fyrir þegar ákvæðið var upphaflega sett og miðað var við sama vænta lífaldur fyrir alla árganga. Getu þá verið tryggingafræðilegar forsendur til þess að auka eða lækka réttindi mismikið milli árganga, s.s. ef í ljós kemur síðar að lífaldur hækki ekki eins mikið og gert var ráð fyrir og mismunandi milli árganga. Hins vegar mun eftir sem áður gilda að hækkun eða lækkun verður jöfn ef tryggingafræðilegar forsendur standa til þess, s.s. ef hækkun réttinda stafar af hækkun á verðmæti eignasafns sjóðsins. Eftir sem áður gildir 24. gr. um breytingar sem þessar sem kallar á allsherjar atkvæðagreiðslu meðal sjóðfélaga leiði breytingin ekki beint af lögum.*

### 3. Tillögur til breytinga á 10. gr. (Réttindatöflur og breytingar þar á)

10. gr.

*Grundvöllur lífeyrisréttinda*

10.2. Nú breytast tryggingafræðilegar forsendur sjóðsins í þeim mæli að mati tryggingastærðfræðings hans að tilefni sé til breytinga á réttindatöflum og skal hann þá gera tillögu að nýjum réttindatöflum sem endurspeglir breyttar forsendur og leggja fyrir stjórn sjóðsins. Stjórn er heimilt að breyta réttindatöflum samkvæmt tillögu tryggingastærðfræðings eins og að framan greinir og skal ákvörðun stjórnar þar að lútandi kynnt á næsta

ársfundi sjóðsins. Að uppfylltum skilyrðum laga og samþykktá öðlast ný réttindatafla gildi fyrir ávinnslu réttinda í sjóðnum í samræmi við ákvæði samþykktá um gildistöku og að undangenginni kynningu á ársfundi.

Rökstuðningur:

*Við 10. gr. samþykktá sjóðsins bætist ný grein 10.2. Greininni er ætlað að fjalla um með hvaða hætti réttinatöflur sjóðsins geti tekið breytingum. Gert er ráð fyrir því að breytist tryggingafræðilegar forsendur í þeim mæli að mati tryggingarstærðfræðings sjóðsins að tilefni sé til breytinga á réttinatöflum þá skuli hann gera tillögu að nýjum réttinatöflum sem endurspegli breyttar forsendur og leggja fyrir stjórn sjóðsins. Samþykki stjórn tillöguna skal hún kynnt á næsta ársfundi sjóðsins. Að uppfylltum skilyrðum laga og samþykktá öðlast ný réttindatafla gildi fyrir ávinnslu réttinda í sjóðnum í samræmi við gildistökuákvæði. Númer annarra greina þar á eftir hliðrast og verður þannig gr. 10.2 að gr. 10.3, gr. 10.3 að gr. 10.4 o.s.frv.*

#### 4. Tillögur til breytinga á Viðauka II – Breytingar á réttindum sjóðfélaga

##### Viðauki II – Breytingar á réttindum sjóðfélaga

##### V. Mótvægisáðgerðir við upptöku nýrra dánar- og eftirlifendataflna

Í tryggingafræðilegri úttekt vegna ársins 2021 eru innleiddar nýjar dánar- og eftirlifendatöflur sem staðfestar voru af fjármála- og efnahagsráðherra í desember 2021 og koma í stað eldri taflna sem byggðu á reynslu árin 2014 - 2018.

Vegna ofangreinds og til samræmis við tillögu tryggingastærðfræðings sjóðsins skal endurreikna áunnin réttindi til ellilífeyris samkvæmt eftirfarandi reglum sem leiðir af sér töflur fyrir hóp 1. annars vegar og hóp 2 hins vegar eins og þeir eru nánar skilgreindir hér á eftir.

Reikna skal áfallnar skuldbindingar vegna sjóðfélaga, lífeyrisþega og makalífeyrisþega yfir 65 ára aldri, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum. Útreikningarnir skulu miða við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlifendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers fæðingarárgangs þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlifendatöflum.

Þannig eru áunnin réttindi hvers fæðingarárgangs umreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna hvers fæðingarárgangs halda sér óbreyttar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlifendatöflum. Umreikning réttinda þessa hóps má sjá í töflu fyrir hóp 1.

Samhliða er lögð fram tillaga um að í kjölfar framangreindrar aðgerðar skuli áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga aukin með þeim hætti sem greint er frá í lið VI hér á eftir.

##### Tafla fyrir hóp 1: Allir sjóðfélagar að frátöldum barnalífeyrisþegum og örorku- og makalífeyrisþegum yngri en 65 ára þann 31.12.2021

Jöfnun áunninna réttinda, lækkun háð aldursári.

Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting
1999	-11,1%	1981	-9,1%	1963	-6,8%	1945	-4,2%
1998	-11,0%	1980	-9,0%	1962	-6,6%	1944	-4,0%
1997	-10,9%	1979	-8,8%	1961	-6,5%	1943	-3,9%

1996	-10,8%	1978	-8,7%	1960	-6,4%	1942	-3,7%
1995	-10,7%	1977	-8,6%	1959	-6,2%	1941	-3,6%
1994	-10,6%	1976	-8,5%	1958	-6,1%	1940	-3,4%
1993	-10,5%	1975	-8,3%	1957	-5,9%	1939	-3,2%
1992	-10,4%	1974	-8,2%	1956	-5,8%	1938	-3,1%
1991	-10,2%	1973	-8,1%	1955	-5,7%	1937	-2,9%
1990	-10,1%	1972	-8,0%	1954	-5,5%	1936	-2,7%
1989	-10,0%	1971	-7,8%	1953	-5,4%	1935	-2,6%
1988	-9,9%	1970	-7,7%	1952	-5,2%	1934	-2,4%
1987	-9,8%	1969	-7,6%	1951	-5,1%	1933	-2,2%
1986	-9,7%	1968	-7,5%	1950	-4,9%	1932	-2,1%
1985	-9,6%	1967	-7,3%	1949	-4,8%	1931	-1,9%
1984	-9,4%	1966	-7,2%	1948	-4,6%	1930	-1,7%
1983	-9,3%	1965	-7,1%	1947	-4,5%	1929	-1,6%
1982	-9,2%	1964	-6,9%	1946	-4,3%	1928	-1,4%

Reikna skal áfallnar skuldbindingar vegna lífeyrisþega annarra en ellilífeyrisþega, makalífeyrisþega yfir 65 ára aldri og barnalífeyrisþega, þ.e örorkulífeyrisþega og makalífeyrisþega undir 65 ára aldri, annars vegar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlífendatöflum og hins vegar samkvæmt eldri dánar- og eftirlífendatöflum. Útreikningarnir skulu miða við 31.12.2021. Áunnin réttindi sjóðfélaga samkvæmt hinum nýju dánar- og eftirlífendatöflum eru endurreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar hvers fæðingarárangangs þessa hóps verði sama hlutfall af áföllnum skuldbindingum og þær voru samkvæmt eldri dánar- og eftirlífendatöflum.

Þannig eru áunnin réttindi hvers fæðingarárangangs umreiknuð þannig að áfallnar skuldbindingar sjóðsins vegna hvers fæðingarárangangs halda sér óbreyttar samkvæmt nýjum dánar- og eftirlífendatöflum. Umreikning réttinda þessa hóps má sjá í töflu fyrir hóp 2.

### Tafla fyrir hóp 2: Örorku- og makalífeyrisþegar yngri en 65 ára þann 31.12.2021

Jöfnun áunninna réttinda, lækkun háð aldursári

Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting
1980	-2,2%	1971	-3,1%	1962	-4,0%
1979	-2,3%	1970	-3,2%	1961	-4,1%
1978	-2,4%	1969	-3,3%	1960	-4,2%
1977	-2,5%	1968	-3,4%	1959	-4,3%
1976	-2,6%	1967	-3,5%	1958	-4,4%
1975	-2,7%	1966	-3,6%	1957	-4,5%
1974	-2,8%	1965	-3,7%		
1973	-2,9%	1964	-3,8%		
1972	-3,0%	1963	-3,9%		

Samhliða er lögð fram tillaga um að í kjölfar framangreindra aðgerða skuli áunnin lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga aukin með þeim hætti sem greint er frá í lið VI hér á eftir.

### VI. Réttindaaukning 2022

Lífeyrisréttindi allra sjóðfélaga aukast um 16% og kemur aukningin til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2022, í samræmi við kynningu á ársfundi EFÍA þann 20. maí 2022 í kjölfar tryggingafræðilegrar athugunar samkvæmt gr. 7.3 í samþykktum EFÍA og þeim mótvægisáðgerðum sem lýst er í kafla V. Lífeyrisgreiðslur til sjóðfélaga hækka sem þessari aukningu nemur frá því tímamarki sem að framan greinir, í fyrsta sinn vegna greiðslna fyrir júlímánuð 2022.

Hafi ráðherra ekki samþykkt aukninguna fyrir framangreindar dagsetningar þá frestast framkvæmd aukningarinnar til fyrsta dags næsta mánaðar eftir að samþykki liggur fyrir.

Að lokinni jöfnun réttinda og réttindaaukningu verður staða hvers árgangs sem hér segir:

**Hópur 1, allir sjóðfélagar að frátöldum örorku- og makalífeyrisþegum yngri en 65 ára þann 31.12.2021**


Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting
1999	3,1%	1981	5,4%	1963	8,1%	1945	11,1%
1998	3,2%	1980	5,6%	1962	8,3%	1944	11,4%
1997	3,4%	1979	5,8%	1961	8,5%	1943	11,5%
1996	3,5%	1978	5,9%	1960	8,6%	1942	11,7%
1995	3,6%	1977	6,0%	1959	8,8%	1941	11,8%
1994	3,7%	1976	6,1%	1958	8,9%	1940	12,1%
1993	3,8%	1975	6,4%	1957	9,2%	1939	12,3%
1992	3,9%	1974	6,5%	1956	9,3%	1938	12,4%
1991	4,2%	1973	6,6%	1955	9,4%	1937	12,6%
1990	4,3%	1972	6,7%	1954	9,6%	1936	12,9%
1989	4,4%	1971	7,0%	1953	9,7%	1935	13,0%
1988	4,5%	1970	7,1%	1952	10,0%	1934	13,2%
1987	4,6%	1969	7,2%	1951	10,1%	1933	13,4%
1986	4,7%	1968	7,3%	1950	10,3%	1932	13,6%
1985	4,9%	1967	7,5%	1949	10,4%	1931	13,8%
1984	5,1%	1966	7,6%	1948	10,7%	1930	14,0%
1983	5,2%	1965	7,8%	1947	10,8%	1929	14,1%
1982	5,3%	1964	8,0%	1946	11,0%	1928	14,4%

**Hópur 2, Örorku- og makalífeyrisþegar yngri en 65 ára þann 31.12.2021**

Fár	Breyting	Fár	Breyting	Fár	Breyting
1980	13,4%	1971	12,4%	1962	11,4%
1979	13,3%	1970	12,3%	1961	11,2%
1978	13,2%	1969	12,2%	1960	11,1%
1977	13,1%	1968	12,1%	1959	11,0%
1976	13,0%	1967	11,9%	1958	10,9%
1975	12,9%	1966	11,8%	1957	10,8%
1974	12,8%	1965	11,7%		
1973	12,6%	1964	11,6%		
1972	12,5%	1963	11,5%		

Rökstuðningur:

*Við upptöku nýrra dánar- og eftirlífendataflna breytist tryggingafræðileg staða sjóðsins. Nýjar dánar- og eftirlífendatölur spá fyrir um væntar lífslíkur eftir árgöngum og er breyting hvers hóps með ólíkum hætti. Þannig er gert ráð fyrir því að yngri árgangar muni lifa lengur en þeir sem eldri eru. Ljóst er að*

*Vb* 

hækkandi lífaldur sjóðfélaga hefur það í för með sér að greiða þarf mánaðarlegan lífeyri í lengri tíma en áður var reiknað með. Með breytingunni sem hér er lögð fram er hver árgangur reiknaður þannig að skuldbinding hans og þar með réttindi haldist óbreytt miðað við nýja áætlun um væntan lífaldur. Áunnin réttindi eru umreiknuð fyrir hvern árgang um sig þannig að jafnmikil verðmæti fylgi hverjum áragangi fyrir sig samkvæmt nýjum og fyrri lífslíkutöflum. Umreikningurinn er í tveimur töflum.

Annars vegar er tafla fyrir hóp 1 sem sýnir breytingu mánaðarlegs lífeyris vegna breytingu áunninna réttinda eftir aldri hjá öllum sjóðfélögum nema barnalífeyrisþegum og örorku- og makalífeyrisþegum undir 65 ára aldri.

Tafla fyrir hóp 2 sýnir breytingu áunninna réttinda hjá örorku- og makalífeyrisþegum undir 65 ára aldri.

Samsvarandi töflur sýna svo breytingu réttindanna eftir að áunninn réttindi allra sjóðfélaga hafa verið hækkuð um 16% og má sjá þær hér meðfylgjandi.

Rétt er að áréttta að jöfnun réttinda felur ekki í sér skerðingu á verðmæti réttinda sjóðfélaga. Þau haldast óbreytt, en með vaxandi ævilengd þurfa fjármunirnir sem að baki liggja að endast lengur en áður.

## 5. Viðauki I – breytingar á réttindatöflum

Viðauki I - Réttindatöflur EFÍA sem gilda frá og með **1. september 2018** **1. janúar 2023**

**TAFLA I Árlegur lífeyrir frá 65 ára aldri fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald**

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	2.914	26	1.905	36	1.369	46	1.050	56	805
17	2.807	27	1.834	37	1.331	47	1.023	57	785
18	2.682	28	1.768	38	1.295	48	996	58	765
19	2.561	29	1.706	39	1.261	49	970	59	746
20	2.448	30	1.648	40	1.228	50	944	60	728
21	2.344	31	1.594	41	1.196	51	920	61	711
22	2.245	32	1.543	42	1.165	52	895	62	695
23	2.151	33	1.496	43	1.135	53	872	63	679
24	2.063	34	1.451	44	1.106	54	849	64	664
25	1.981	35	1.409	45	1.078	55	827	65	

**TAFLA II Lækkun ellilífeyris þegar taka lífeyris hefst fyrir 65 ára aldur**

Taka ellilífeyris hefst	Lækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals lækkun
64-65 ára	0,66%	64	7,92%
63-64 ára	0,60%	63	15,12%
62-63 ára	0,54%	62	21,60%
61-62 ára	0,49%	61	27,48%
60-61 ára	0,44%	60	32,76%

**TAFLA III Hækkun-ellilífeyris þegar taka lífeyris-hefst eftir 65 ára aldur**

Taka ellilífeyris hefst	Hækkun fyrir hvern mánuð	Aldur	Samtals hækkun
65-66 ára	0,59%	66	7,08%
66-67 ára	0,66%	67	15,00%
67-68 ára	0,74%	68	23,88%
68-69 ára	0,83%	69	33,84%
69-70 ára	0,94%	70	45,12%
70-71 ára	1,07%	71	57,96%
71-72 ára	1,22%	72	72,60%
72-73 ára	1,40%	73	89,40%
73-74 ára	1,62%	74	108,84%
74-75 ára	1,88%	75	131,40%
75-76 ára	2,20%	76	157,80%
76-77 ára	2,59%	77	188,88%
77-78 ára	3,09%	78	225,96%
78-79 ára	3,70%	79	270,36%
79-80 ára	4,48%	80	324,12%

**TAFLA IV Árleg ellilífeyrisréttindi fyrir hvert 10.000 króna iðgjald sem greitt er á hverju aldursári frá 65 til 69 ára og hækkun vegna innvinnsluársins þegar töku ellilífeyris er frestað**

Réttindi skv. töflunni miða við töku lífeyris í lok ársins	Aldur á innvinnsluári				
	65	66	67	68	69
Lífeyrisréttindi	673	693	714	737	762
Hækkun á mánuði fyrsta árið	0,61%	0,63%	0,66%	0,68%	0,71%
Samtals hækkun 66 ára	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 67 ára	7,32%	0,00%	0,00%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 68 ára	15,48%	7,56%	0,00%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 69 ára	24,72%	16,08%	7,92%	0,00%	0,00%
Samtals hækkun 70 ára	35,16%	25,68%	16,80%	8,16%	0,00%
Samtals hækkun 71 ára	47,04%	36,60%	26,88%	17,52%	8,52%
Samtals hækkun 72 ára	60,60%	49,08%	38,40%	28,08%	18,24%
Samtals hækkun 73 ára	76,20%	63,48%	51,72%	40,32%	29,40%
Samtals hækkun 74 ára	94,20%	80,04%	67,08%	54,36%	42,36%
Samtals hækkun 75 ára	115,08%	99,36%	84,84%	70,80%	57,36%
Samtals hækkun 76 ára	139,56%	122,04%	105,72%	90,00%	75,00%
Samtals hækkun 77 ára	168,36%	148,68%	130,32%	112,68%	95,76%
Samtals hækkun 78 ára	202,68%	180,36%	159,60%	139,56%	120,48%
Samtals hækkun 79 ára	243,84%	218,40%	194,76%	171,84%	150,12%
Samtals hækkun 80 ára	293,76%	264,48%	237,24%	210,96%	186,00%

Þessi tafla breytist til lækkunar þegar lífslíkur munu taka tillit til lækkandi dánartíðni í framtíðinni.

**TAFLA I Árlegur lífevri frá 65 ára aldri fyrir hvert 10 þús. króna iðgjald**

Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi	Aldur	Réttindi
16	2.451	27	1.536	38	1.085	49	837	60	668
17	2.338	28	1.481	39	1.057	50	819	61	655
18	2.233	29	1.430	40	1.030	51	803	62	641

Handwritten signature and initials in blue ink.



<u>19</u>	<u>2.134</u>	<u>30</u>	<u>1.382</u>	<u>41</u>	<u>1.005</u>	<u>52</u>	<u>786</u>	<u>63</u>	<u>628</u>
<u>20</u>	<u>2.041</u>	<u>31</u>	<u>1.336</u>	<u>42</u>	<u>980</u>	<u>53</u>	<u>770</u>	<u>64</u>	<u>614</u>
<u>21</u>	<u>1.954</u>	<u>32</u>	<u>1.293</u>	<u>43</u>	<u>958</u>	<u>54</u>	<u>755</u>	<u>65</u>	<u>591</u>
<u>22</u>	<u>1.872</u>	<u>33</u>	<u>1.254</u>	<u>44</u>	<u>935</u>	<u>55</u>	<u>740</u>	<u>66</u>	<u>569</u>
<u>23</u>	<u>1.796</u>	<u>34</u>	<u>1.215</u>	<u>45</u>	<u>914</u>	<u>56</u>	<u>725</u>	<u>67</u>	<u>547</u>
<u>24</u>	<u>1.725</u>	<u>35</u>	<u>1.180</u>	<u>46</u>	<u>894</u>	<u>57</u>	<u>711</u>	<u>68</u>	<u>526</u>
<u>25</u>	<u>1.658</u>	<u>36</u>	<u>1.147</u>	<u>47</u>	<u>874</u>	<u>58</u>	<u>696</u>	<u>69</u>	<u>506</u>
<u>26</u>	<u>1.595</u>	<u>37</u>	<u>1.114</u>	<u>48</u>	<u>856</u>	<u>59</u>	<u>682</u>		

**Tafla II Hækkunar- og lækkunarstuðlar ef lífeyristaka hefst ekki við 65 ára aldur**

<u>Aldur</u>	<u>Hækkunar og lækkunarstuðlar</u>		
	<u>Margfeldisstuðull</u>	<u>Prósentsbreyting</u>	<u>Breyting per mán</u>
<u>60</u>	<u>0,730</u>	<u>-27,0%</u>	<u>-0,38%</u>
<u>61</u>	<u>0,775</u>	<u>-22,5%</u>	<u>-0,41%</u>
<u>62</u>	<u>0,824</u>	<u>-17,6%</u>	<u>-0,45%</u>
<u>63</u>	<u>0,877</u>	<u>-12,3%</u>	<u>-0,49%</u>
<u>64</u>	<u>0,936</u>	<u>-6,4%</u>	<u>-0,53%</u>
<u>65</u>	<u>1</u>	<u>-</u>	<u>-</u>
<u>66</u>	<u>1,072</u>	<u>7,2%</u>	<u>0,60%</u>
<u>67</u>	<u>1,152</u>	<u>15,2%</u>	<u>0,66%</u>
<u>68</u>	<u>1,240</u>	<u>24,0%</u>	<u>0,74%</u>
<u>69</u>	<u>1,339</u>	<u>33,9%</u>	<u>0,82%</u>
<u>70</u>	<u>1,449</u>	<u>44,9%</u>	<u>0,92%</u>
<u>71</u>	<u>1,573</u>	<u>57,3%</u>	<u>1,03%</u>
<u>72</u>	<u>1,712</u>	<u>71,2%</u>	<u>1,16%</u>
<u>73</u>	<u>1,870</u>	<u>87,0%</u>	<u>1,32%</u>
<u>74</u>	<u>2,051</u>	<u>105,1%</u>	<u>1,50%</u>
<u>75</u>	<u>2,258</u>	<u>125,8%</u>	<u>1,73%</u>
<u>76</u>	<u>2,497</u>	<u>149,7%</u>	<u>1,99%</u>
<u>77</u>	<u>2,775</u>	<u>177,5%</u>	<u>2,32%</u>
<u>78</u>	<u>3,102</u>	<u>210,2%</u>	<u>2,72%</u>
<u>79</u>	<u>3,489</u>	<u>248,9%</u>	<u>3,23%</u>
<u>80</u>	<u>3,952</u>	<u>295,2%</u>	<u>3,86%</u>

Rökstuðningur:

Töflur I og IV eru sameinaðar í eina nýja töflu, **töflu I**, sem sýnir þá ávinnslu réttinda frá 16 ára aldri og til 69 ára. Þá er jafnframt ávinnslu réttinda breytt til framtíðar til samræmis við nýjar dánar- og eftirlífendatöflur. Ný réttindatafla byggir þannig á nýjum forsendum um væntan lífaldur sjóðfélaga.

Töflur II og III eru sameinaðar í eina nýja töflu, **töflu II**, sem sýnir breytingar á ellilífeyri við flýtingu eða frestun töku lífeyris.

Snædis fór yfir nokkur dæmi um áhrif á sjóðfélaga.

Fundarstjóri bað fundarmenn að kynna sig og gaf orðið laust.

**Guðmundur Ólafsson**, við erum búnir að vera með skertan sjóð í 15 ár. Hvað gerist ef tillögurnar verða felldar?

**Snædís Flosadóttir**, framkvæmdastjóri sjóðsins svaraði því að þá stæði sjóðurinn í 6,2% en væri þá með óleystan vanda til framtíðar.

**Davíð Smári**, eru þið ekki hrædd við að auka réttindi of mikið ?

**Sturla Ómarsson**, stjórnarformaður sagði að vissulega þurfi að gæta að því, í þessu tilfelli hefur það verið skoðaða vel og stjórn stígur varlega til jarðar þó vissulega sé það svo að ekkert okkar geti spáð fyrir um það með nákvæmum hætti hvernig næstu ár muni þróast. Hann fór í gegnum ferlið við ákvörðunina.

**Guðmundur Ólafsson**, spyr um % hækkunina, er hún sú sama hjá öllum?

**Sturla Ómarsson**, stjórnarformaður sagði að aukningar eru gerðar jafnt á alla.

**Snædís Flosadóttir**, framkvæmdastjóri sjóðsins sagði að huga þurfi að því við ákvarðanir um réttindaaukningu að gæta að jafnræði sjóðfélaga, það þurfi að stíga varlega til jarðar en að sama skapi væri líka ósanngjarnt að skilja sjóðinn eftir í of miklum plús.

**Benedikt Jóhannesson** tryggingastærðfræðingur sjóðsins sagði að nýjar lífslíkur verða gefnar út á 5 ára fresti eða minna.

**Snædís Flosadóttir**, framkvæmdastjóri sjóðsins sýndi aftur dæmin og benti á að töflurnar sýna lokaniðurstöður fyrir hvern árgang.

**Guðmundur Ólafsson**, kom með eina tillögu, að eldri kjósi um fyrri tillöguna en yngri fólkið um aðrar tillögur.

**Snædís Flosadóttir**, framkvæmdastjóri sjóðsins sagði að það væri ekki möguleiki.

**Benedikt Jóhannesson** tryggingastærðfræðingur sjóðsins svaraði spurningunni um hvað gerist ef samþykktabreytingarnar yrðu ekki samþykktar. Þá væri verið að fella breytingar á lífeyrisreglunum. Annar kostur væri að hafa jafna hækkun. Þá væru fjármunir í raun að fara frá þeim eldri til þá yngri. Ef felld þá erum við með rangar réttindatöflur, þeir sem væru að koma inn væru að fá meiri réttindi en þeir eiga að fá. Yngstu tapa þá mest. Benedikt sagði að það er verið að gera þetta á jafnræðisgrundvelli.

## 6. Stjórnarkjör

Rafn Jónsson fór yfir stjórnarkjör sjóðsins. Stjórn EFÍA er skipuð fimm aðalmönnum og fimm varamönnum. Samkvæmt greinum 4.1 í samþykktum sjóðsins skulu sjóðfélagar nú kjósa einn

aðalmann og tvo varamenn til stjórnarsetu í tvö ár. Að auki eiga svo sæti í stjórninni tveir aðalmenn og einn varamaður sem kjörnir voru 2021 til tveggja ára og tveir aðalmenn og tveir varamenn sem Ícelandair tilnefni til eins árs. Auglýst var eftir framboðum til stjórnar þann 13. apríl 2022 og lauk framboðsfresti þann 29. apríl 2022. Rafn fór yfir þau framboð sem borist höfðu og ítrekaði að nú strax í kjölfar fundar opnaði rafræn kosning til stjórnar sem stendur í viku. Frekari upplýsingar um framboð má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

## 7. Skipun stjórnarmanna sem ekki eru kjörnir á ársfundi og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir skipun stjórnarmanna, tímann sem stjórnarmenn eiga eftir af sínu kjörtímabili og laun stjórnarmanna.

Kjörinn stjórnarmenn voru Sturla Ómarsson og Kjartan Jónsson 2021 til 2023. Kjörnir varamenn 2021 – 2023 var Ingvar Mar Jónsson. Fulltrúar atvinnurekanda eru þau Sigrún Hjartardóttir og Magnús Jón Magnússon. Varamenn atvinnurekanda eru þau Ari Guðjónsson og Íris Hulda Þórisdóttir.

Sturla fór yfir hækkun launa stjórnar, sem var um 7% frá fyrra ári.

### Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	338.089 kr.
Varaformaður	253.566 kr.
Stjórnarmaður	169.044 kr.
Varamenn, ef þeir taka sæti	169.044 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	54.094 kr.

### Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:

Stjórnarmaður	54.094 kr.
---------------	------------

## 8. Val endurskoðanda

Rafn Jónsson fór yfir val á endurskoðanda sjóðsins. Fyrir liggur að endurskoðunarnefnd EFÍA hefur gert þá tillögu til stjórnar að Grant Thornton og endurskoðandinn Davíð Arnar Einarsson sem annaðist

endurskoðun ársins 2021 verði valin að nýju. Stjórn hefur samþykkt þá tillögu og leggur hana hér með fyrir ársfund.


Engin er á móti því og skoðast því tillagan um val endurskoðanda samþykkt.

## 9. Önnur mál

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Sturla tóka til máls í lok fundar, þakkar kærlega fyrir góðan fund.

Fundi slitið kl. 15:13



Rafn Jónsson  
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir  
Fundarritari